



Hvers vegna gerist fólk sjálfbóðaliðar hjá Rauða krossinum á Íslandi?

Steinunn Hrafnisdóttir, félagsráðgjafi MA, PhD, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Ómar H. Kristmundsson, stjórnsýslufræðingur, MPA, PhD, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, félagsálfræðingur MSc, PhD, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands



Steinunn
Hrafnisdóttir



Ómar Hlynur
Kristmundsson



Guðbjörg Andrea
Jónsdóttir

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að athuga hvers vegna fólk tekst á hendur sjálfbóðastörf hjá Rauða krossinum á Íslandi og kanna hvort lýðfræðilegir þættir tengist því að fólk sinnir slíkum störfum. Spurningalisti var lagður fyrir 2.733 sjálfbóðaliða Rauða krossins árið 2014 og svaraði 901 spurningunum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að mikill meirihluti sjálfbóðaliðanna hóf sjálfbóðastörf vegna lífsviðhorfa eða gildismats, en hagnýtir og/eða persónulegir þættir höfðu einnig áhrif. Lýðfræðilegir þættir tengdust því hvernig sjálfbóðaliðarnir röðuðu ástæðum sínum í mikilvægisröð og þá sérstaklega aldur þátttakenda. Konur eru í miklum meirihluta meðal sjálfbóðaliða hjá Rauða krossinum, algengast er að fólk fimmtugt og eldra sinni sjálfbóðastörfunum, fjórir af hverjum tíu hafa framhaldsskólamenntun og um þriðjungur háskólamenntun. Meira en helmingur sjálfbóðaliðanna er í launavinnu og hlutfallslega fleiri stunda sjálfbóðastörf á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöðurnar eru að meginstefnu til sambærilegar niðurstöðum erlendra og innlendra rannsókna á góðgerðar- og líknafrélögum og veita mikilvægar upplýsingar um ástæður þess að fólk hefur sjálfbóðastörf fyrir slík félög.

Lykilorð: sjálfbóðaliðar, ástæður, lýðfræði, Rauði kross Íslands.

Abstract

The paper discusses the particular reasons underlying decisions to begin voluntary work at the Icelandic Red Cross (IRC) and if social and demographic background predicts voluntary participation in the organization. A questionnaire was sent to all volunteers with the IRC (N= 2733) in 2014 and 901 replied. The findings show that a vast majority of the volunteers said the most important reason for volunteering was their basic values. However, other reasons also had influence, such as social and career related reasons. Demographic variables, especially age, had influence on how people ranked the reasons. It is more common that women volunteer for the IRC than men. Respondents over 50 years old volunteer more often for the

IRC than younger participants. Four out of ten of the volunteers had finished upper secondary education and a third had a university degree. Most of the respondents were in full time work and it was more common to do voluntary work if they lived in rural areas compared to urban areas. The results are mostly in accordance with international findings on welfare organizations and they provide important information about reasons Icelanders give for volunteering and show that the reasons are conditioned by demographic factors.

Keywords: volunteers, reasons, demography, Icelandic Red Cross.

Inngangur

Á Íslandi er löng hefð fyrir því að fólk vinni sjálfbóðastörf og séu aðilar að félögum. Í nýlegri rannsókn sem byggð var á gagnasafni Evrópsku lífsgildakönnunarinnar (e. European Value Survey, EVS) kom í ljós að tæpur þriðjungur Íslendinga 18 ára og eldri tók þátt í sjálfbóðastörfum 2009–2010 og 75% áttu aðild að félagi (Steinunn Hrafnisdóttir, Ómar H. Kristmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2014). Rannsóknir á umfangi og mikilvægi félagasamtaka og sjálfbóðaliða á Íslandi hafa aukist á undanförunum árum, en skortur er þó á rannsóknum á ástæðum þess að fólk gerist sjálfbóðaliðar með hliðsjón af lýðfræðilegum þáttum. Á Íslandi hefur verið gerð norræn rannsókn á því hvers vegna fólk fæst við sjálfbóðastörf (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurðardóttir, 1997). Í rannsókn sem gerð var á sjálfbóðastörfum Íslendinga árið 2005 var meðal annars spurt um ástæður þess að fólk innti slík störf af hendi og í rannsókn á viðhorfum sjálfbóðaliða Rauða kross Íslands til starfa sinna var spurt hvers vegna sjálfbóðaliðarnir ynnu slík störf og hvaða



ávinning þeir hefðu af því (Steinunn Hrafnadóttir, 2006a; 2006b; 2007; 2008). Niðurstöður rannsókna á sjálfbodastarfsástæðum nota félagasamtök oft til að fá upplýsingar um hvað það er sem höfðar til þeirra sem vinna sjálfbodastörf, til að geta aflað nýrra sjálfbodaliða á skipulegan hátt, til að fá hugmyndir um umbun til handa sjálfbodaliðum og til að kynna sér betur hvernig hvetja má fólk til slíkra starfa. Einnig nota félagasamtök rannsóknir til að koma til móts við slíkar þarfir sjálfbodaliða og styðja þá í starfi (Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2008; Steinunn Hrafnadóttir, 2006b). Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er gerð grein fyrir voru að skoða hvaða ástæður liggja að baki því þegar fólk hefur sjálfbodastörf hjá Rauða krossinum á Íslandi, og kanna enn fremur hvort tengsl séu á milli lýðfræðilegra þátta og ástæðna að baki sjálfbodastarfi hjá Rauða krossinum. Greinin er þannig byggð upp að fyrst er fjallað um rannsóknir á því hvers vegna fólk gerist sjálfbodaliðar og hvernig það tengist lýðfræðilegum þáttum. Síðan er fjallað um aðferðafræði rannsóknarinnar, þá eru settar fram niðurstöður og í umræðukafla eru niðurstöður settar í stærra samhengi.

Ástæður að baki sjálfbodastarfi

Fræðimenn hafa beitt ýmsum aðferðum við að skoða ástæður þess að fólk vinnur sjálfbodastörf og fjöldi rannsókna hefur verið gerður á því hvað verður til þess að fólk gerist sjálfbodaliðar. Ýmis mælitæki eru einnig fyrir hendi til að meta ástæður fyrir því að fólk vinnur sjálfbodastörf. Færri rannsóknir hafa þó beinst að ástæðum þess að fólk stundar sjálfbodastörf fyrir félagasamtök sem hafa ólíkan tilgang.

Til er fjöldi erlendra rannsókna á lýðfræðilegri samsetningu sjálfbodaliða í ólíkum þjóðfélögum (sjá t.d. Smith og Cordery, 2010; Steinunn Hrafnadóttir, Ómar H. Kristmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2014; Musick og Wilson, 2008). Algengt er að í rannsóknum sé athuguð áhugahvöt sjálfbodaliða, félagslegir þættir, samfélagsgerð og menning til að útskýra hvers vegna fólk gerist sjálfbodaliðar (Rochester, 2006).

Áhugahvatir sjálfbodaliða

Sú aðferð sem helst hefur verið notuð við að mæla hvatir (e. motives) sjálfbodaliða er *The Volunteer Function Inventory* sem þau Clary, Snyder og Ridge þróuðu (1992). Rannsóknir með hjálp þessa mælitækis eru margar í Bandaríkjunum og það hefur einnig verið notað nokkuð í Bretlandi (Wilson, 2012). Á Norðurlöndum hefur þetta mælitæki lítið komið við

sögu í sjálfbodastarfræðum en í norrænni rannsókn frá árabílinu 1994–2000 var þessari aðferð þó beitt (Habermann, 2001; Lorentzen og Rogstad 1994; Nylund, 2000; Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Mælitæki Clary, Snyders og Ridge beinist að sex ástæðum fyrir að stunda sjálfbodastörf. Þessar ástæður verða nú teknar til nánari umfjöllunar:

- *Gildismat* – Fólk er beðið að láta í ljós gildismat sitt svo sem að það beri að hjálpa öðrum og leggja lið góðu málefni.
- *Skilningur* – Sjálfbodaliðinn lærir eitthvað nýtt og öðlast skilning á eigin styrkleikum og á mál-efninu eða samtökunum sem unnið er fyrir.
- *Félagslegar þarfir* – Fólk vinnur sjálfbodastörf til að auka félagsleg tengsl sín, styrkja þau tengsl sem þegar eru til staðar og öðlast ný tengsl.
- *Starfsframi* – Fólk öðlast starfsreynslu og fær þannig betri atvinnuönguleika eða sambönd.
- *Sjálfsvirðing* – Sumir stunda sjálfbodastörf til að líða betur og auka sjálfsálit sitt.
- *Völd og áhrif* – Sjálfbodastarfi geta fylgt áhrif og völd og sjálfbodaliðinn verður þekktur fyrir störf sín.

Fjölmarginir rannsækendur hafa út frá ólíkum sjónarhornum reynt að finna mynstur ástæðna fyrir því að fólk gerist sjálfbodaliðar. Í heild má segja að rannsóknarniðurstöður á þessu sviði bendi til þess að ýmsar blandaðar ástæður séu að baki hjá hverjum og einum. Sjálfbodaliðar vilja til dæmis hjálpa öðrum og þroska sjálfa sig á sama tíma. Einnig hafa ástæðurnar mismunandi vægi í huga fólks (e. motive hierarchy) og getur það farið eftir aldri, kyni, menntun, atvinnustöðu og fjölskyldusamsetningu (Habermann, 2001; Musick og Wilson, 2008). Þó hefur komið í ljós að flestir segja persónuleg gildi sín (e. personal values) helstu ástæðuna fyrir því að það vinnur sjálfbodastörf. Þessi ástæða hefur verið flokkuð undir óeigingjarnar hvatir (e. altruism), þ.e. að láta gott af sér leiða án þess að ætlast til að fá eitthvað í staðinn. Aðrar ástæður sem flokka má sem eigingjarnar eða hagnýtar (e. instrumental) vega einnig þungt. Þar má nefna að öðlast skilning á sjálfum sér og læra eitthvað nýtt (e. understanding). Heldur sjaldnar segjast sjálfbodaliðar starfa til þess að fá félagsskap, vegna þess að það sé gott fyrir starfsferilinn, vegna skyldu eða til að hafa áhrif og völd. Þessar niðurstöður benda til þess að fólk vinni sjálfbodastörf fyrst og fremst af fúsum og frjálsum vilja vegna ræktar



við gildi sín og hugsjónir, þó að aðrar ástæður geti einnig legið að baki (Habermann, Henriksen, Ibsen, Koch-Nielsen, 2006). Unnt er að mæla sjálfbodastörf eftir ýmsum öðrum leiðum en áhugahvöt og vera má að fólk hafi tilhneigingu til þess að leggja áherslu á persónuleg gildi eða fórnfýsi í svörum þar sem það er félagslega viðurkennd ástæða (Habermann o.fl., 2006; Steinunn Hrafnadóttir, 2006b).

Félags- og menningarlegir þættir

Fjölmargar rannsóknir sýna að lýðfræðilegur bakgrunnur sjálfbodaliða tengist líkum á því að fólk vinni sjálfbodastörf (Kendall, 2012; Wilson, 2012). Niðurstöðurnar eru í stórum dráttum þessar: Algengara er að fólk á virkum vinnualdri eða fólk nýhætt á vinnu-markaði stundi sjálfbodastörf en aðrir hópar. Ekki er mikill munur á þátttöku kynja, en kynin vinna ólík störf. Karlar vinna frekar fyrir íþrótt- og tómstundafélög en konur beita sér einkum í félags-, heilbrigðis- og skólamállum. Almennt eykst þátttaka í sjálfbodastörfum með hærra menntunarstigi og fleira fólk í hjónabandi eða annars konar sambúð með börn á grunnskólaaldri vinnur sjálfbodastörf en fólk í annarri hjúskaparstöðu. Þátttaka í sjálfbodastörfum er einnig mismikil eftir aldri eins og áður sagði. Í flestum rannsóknum kemur fram aldursdreifing þar sem fólk á miðjum aldri sinnir helst sjálfbodastörfum en minnsta þátttakan er í yngstu og elstu aldurshópunum. Einnig sýna rannsóknir að fólk í dreifbýli sinnir frekar sjálfbodastörfum en þéttbýlisbúar. Auk þessa hafa menning og saga viðkomandi lands áhrif (Habermann, 2001; Rochester, 2006; Steinunn Hrafnadóttir, 2008; Wilson, 2012). Svipaðar niðurstöður fengust í áður nefndri íslenskri rannsókn um þátttöku Íslendinga í sjálfbodastarfi, þar sem byggt var á gagnasafni Evrópsku lífsgildakönnunarinnar. Ekki var munur á tíðni sjálfbodastarfa hjá kynjum, en karlarnar unnu frekar fyrir íþrótt- og tómstundafélög en konur. Algengara var að fólk fimmtugt og eldra ynni sjálfbodastörf en yngra fólk. Háskólamenntaðir sinna frekar sjálfbodastörfum en aðrir, að undanskildum störfum í velferðarfélagum, og tengsl voru við stöðu á vinnu-markaði. Þeir sem búa í dreifbýli inna frekar sjálfbodastörf af hendi en íbúar á höfuðborgarsvæðinu (Steinunn Hrafnadóttir, Ómar H. Kristmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2014).

Gögn og aðferð

Þessi rannsókn er hluti af viðameiri rannsókn á störfum og viðhorfum sjálfbodaliða Rauða krossins, og er

markmiðið að upplýsingar og vísbendingar úr rannsóknunum hjálpi til við að koma betur til móts við þarfir sjálfbodaliða og bæta starfshætti og skipulag sjálfbodaverkefna.

Í þessari rannsókn er annars vegar hugað að ástæðum fyrir því að þátttakendur hófu sjálfbodastörf hjá Rauða krossinum og hins vegar kannað hvort lýðfræðilegir þættir hafa áhrif á þátttöku fólks í slíkum störfum.

Framkvæmd og þátttakendur

Rauði krossinn sendi spurningalista til allra þeirra sem hafa gert sjálfbodaliðasamning við samtökin eða til 2.773 einstaklinga. Þeir 2.125 sem höfðu skráð netfang fengu listann sendan með netkönnunarforritinu *Survey Monkey* en hinir 648 fengu listann sendan með bréfpósti. Rannsóknin fór fram í nóvember og desember árið 2014. Þátttakendum var sent kynningarbréf og tvær ítrekanir. Alls svaraði 901 og var svarhlutfallið 36,1%.

Mælitæki og tölfraði

Ástæður fyrir því að hefja sjálfbodastörf hjá Rauða krossinum voru mældar með lokuðum staðhæfingum á fimm punkta Likert-kvarða. Spurningarnar voru þróaðar sérstaklega fyrir þessa rannsókn, en erlendir og innlendir spurningalistar hafðir til hliðsjónar. Um var að ræða tíu staðhæfingar sem gefa til kynna ástæðu fyrir því að hefja sjálfbodastörf. Spurningin hljóðaði svo: *Ef þú rifjar upp ástæðu þess að þú hófst að vinna sjálfbodastörf hjá Rauða krossinum á Íslandi, hversu miklu eða litlu skiptu eftirfarandi þættir?* Svarendur gátu merkt við á kvarða frá „mjög miklu máli“ til „mjög litlu máli“. Staðhæfingarnar tíu voru þáttgreindar með svonefndri „principal components“-þáttgreiningu. Niðurstöður sýndu að með svörunum mátti mæla þrjá aðskilda þætti: Gildi (e. value), félagslegar ástæður (e. social) og starfsferilsástæður (e. career).

Gildismat var mælt með þremur spurningum: a) *Að hjálpa þeim sem minna mega sín;* b) *Að leggja mitt fram til samfélagsins;* og c) *Að vinna að verðugu málefni.* Félaglegar ástæður voru mældar með þremur spurningum: a) *Af því að vinur eða kunningi er sjálfbodaliði;* b) *Af því að fjölskyldumédlimur er sjálfbodaliði;* og c) *Til að hitta fólk.* Starfsferilsástæður voru mældar með fjórum spurningum: a) *Persónulegar ástæður, tengt mínum eigin þörfum eða fólks sem ég þekki;* b) *Að auka atvinnuöguleika mína;* c) *Að öðlast nýja reynslu;* og d) *Að nýta hæfni mína og reynslu.* Áreiðanleiki þátta var metinn með Cronbach's alpha-aðferð og reyndist hann vera góður fyrir gildismat



($\alpha=0,83$), þolanlegur fyrir félagslegar ástæður ($\alpha=0,64$) en fremur slakur fyrir starfsferilsástæður ($\alpha=0,56$).

Tengsl voru skoðuð á milli sjálfbodastarfsástæðna og lýðfræðilegu breytnanna aldurs, kyns, menntunar, atvinnustöðu og búsetu. Einnig var skoðað hvaða hópar fólks sinna sjálfbodastörfum hjá Rauða krossinum og hvers konar verkefnum þeir sinna hver um sig.

Niðurstöðurnar eru settar fram sem hlutfallstölur og meðaltöl eftir því sem við á. Kí-kvaðrat var notað til að athuga hvort marktækur munur væri á hópum í hlutfallstöflum. Dreifigreining (ANOVA) og t-próf voru notuð til að kanna hvort marktæk tengsl væru á milli ástæðna og lýðfræðilegra þátta.

Niðurstöður

Greint er frá niðurstöðum í tvennu lagi. Fyrst er lýst lýðfræðilegum bakgrunni þeirra sem vinna sjálfbodastörf og síðan er gerð grein fyrir sjálfbodastarfsástæðum.

Hverjir vinna sjálfbodastörf?

Mun fleiri konur (78%) en karlar (22%) eru sjálfbodaliðar fyrir Rauða krossinn. Eins og sjá má á töflu 1 eru flestir sjálfbodaliðanna á aldrinum 50–59 ára. Meðalaldur er 55,3 ár. Fæstir eru í yngstu og elstu aldursþópunum og eru karlar hlutfallslega mun fámennari í þeim hópum en konur ($\chi^2=13,8$; $df=6$; $p\leq 0,05$).

Tafla 1. Aldursdreifing karl- og kvensjálfbodaliða Rauða krossins

	Karlar %	Konur %	Alls %
18–29 ára	5,6	9,6	8,9
30–39 ára	11,9	8,9	9,5
40–49 ára	13,8	18,2	17,1
50–59 ára	30,0	23,1	24,5
60–69 ára	21,9	16,1	17,5
70–79 ára	15,0	18,7	17,9
80 ára eða eldri	1,9	5,3	4,6
Fjöldi	160	571	738

$\chi^2=13,8$; $df=6$; $p\leq 0,05$

Rúmlega helmingur (55%) svarenda bjó á landsbyggðinni en 44% á höfuðborgarsvæðinu. Stúdentsprófi hafa lokið 37,9% þátttakenda, háskólaprófi 36,6% og 25,5% hafa lokið grunnskólaprófi. Rúmlega helmingur sjálfbodaliðanna (55,6%) er í launavinnu, en af þeim eru rúmlega 11% í hlutastarfi. Á eftirlaunum eru tæplega 27%, nemendur og atvinnuleitendur eru tæplega 11% og 6,8% svöruðu „annað“.

Ástæður fyrir þátttöku í sjálfbodastarfi

Eitt helsta markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvað liggur að baki því að sjálfbodaliðar Rauða krossins hefja störf hjá samtökunum og kanna hvort lýðfræðilegir þættir tengjast því hvers vegna fólk sinnir slíkum störfum. Í töflu 2 má sjá sjálfbodastarfsástæðum raðað eftir mikilvægi.

Tafla 2. Ástæður þess að hefja sjálfbodastörf hjá Rauða krossinum, raðað eftir mikilvægi (skiptir mjög miklu eða frekar miklu máli)

	%
Að leggja mitt af mörkum til samfélagsins	96,0
Að vinna að verðugu málefni	95,9
Að hjálpa þeim sem minna mega sín	95,3
Að öðlast nýja reynslu	88,2
Að nýta hæfni mína og reynslu	83,0
Að hitta fólk	57,3
Persónulegar ástæður, tengdar mínum eigin þörfum eða fólks sem ég þekki	43,4
Vinur eða kunningi minn er sjálfbodaliði	31,8
Að auka atvinnumöguleika sína	17,5
Fjölskyldumeðlimur er sjálfbodaliði	15,3

Gildismat er meginástæðan fyrir þátttöku í sjálfbodastarfi hjá Rauða krossinum á Íslandi. Þannig raða sjálfbodaliðarnir þáttunum „leggja mitt af mörkum til samfélagsins“ – „vinna að verðugu málefni“ og „hjálpa þeim sem minna mega sín“ í þrjú efstu sætin. Niðurstöðurnar benda þó einnig til að aðrir þættir vegi þungt, svo sem að „öðlast nýja reynslu“ – „nýta hæfni mína og reynslu“ og „hitta fólk“. Einnig segir fjórðungur að „persónulegar ástæður tengdar mínum þörfum eða fólks sem ég þekki“ skipti miklu máli. Færri nefna mikilvægi þeirra þátta að vinur, kunningi eða ættingjar séu sjálfbodaliðar og fæstir telja sig vera „að auka atvinnumöguleika mína“. Þessir síðasttöldu þættir hafa verið flokkaðir undir hagnýtar þarfir eða eiginhagsmunasjónarmið.

Aftur á móti kemur í ljós, sbr. töflu 3, að bakgrunnsþættir hafa áhrif á hversu mikilvægar sjálfbodaliðarnir telja ástæðurnar. Í öllum hópum eru ástæður sem flokkast undir gildismat þó mikilvægastar, síðan þær sem flokkast undir starfsframa en félagslegar ástæður reka lestina.

Þegar rýnt er í tengsl bakgrunnsþátta og sjálfbodastarfsástæðna í töflu 3 má sjá að gildismat og starfsframi eru ríkari ástæður fyrir þátttöku í sjálfbodastarfi hjá konum en körlum. Félagslegar ástæður virðast hafa



Tafla 3. Ástæður sjálfbodastarfs

	Gildismat		Félagslegar ástæður		Starfsframi	
	Meðaltal	Marktektarpróf	Meðaltal	Marktektarpróf	Meðaltal	Marktektarpróf
<i>Alls</i>	4,55		2,69		3,45	
<i>Kyn</i>		t=-3,16 df=621		t=-0,76 df=545		t=-3,40 df=540
Karl	4,42		2,60	e.m.	3,27	p≤0,001
Kona	4,59	p≤0,01	2,67		3,51	
<i>Aldur</i>		F=5,36 df=2,615		F=3,61 df=2,538		F=20,10 df=2,532
18–39 ára	4,70		2,50	p≤0,05	3,73	p≤0,001
40–59 ára	4,53		2,65		3,45	
60+	4,50	p≤0,05	2,83		3,18	
<i>Menntun</i>		F=0,99 df=2,605		F=16,23 df=2,532		F=0,79 df=2,528
Grunnskólapróf	4,51		2,95	p≤0,001	3,45	e.m.
Framhaldsskólapróf	4,60		2,82		3,50	
Háskólapróf	4,59	e.m.	2,38		3,42	
<i>Staða á vinnumarkaði</i>		F=1,38 df=6,611		F=1,73 df=6,538		F=8,59 df=6,532
Í fullu starfi	4,55		2,59	e.m.	3,39	p≤0,001
Í hlutastarfi	4,60		2,82		3,50	
Með eigin rekstur	4,57	e.m.	2,69		3,33	
Á eftirlaunum	4,46		2,80		3,12	
Nemandi	4,71		2,37		3,96	
Atvinnuleitandi	4,43		2,47		3,50	
Annað	4,57		2,83		3,70	
<i>Búseta</i>		t=2,85 df=615		t=-3,63 df=543		t=3,53 df=538
Höfuðborgarsvæði	4,63		2,49	p≤0,001	3,57	p≤0,001
Landsbyggð	4,50	p≤0,01	2,80		3,35	

Aths. Fjöldi þeirra sem svörðu öllum spurningum um gildismat var 699, 608 svörðu öllum spurningum um félagslegar ástæður og 602 svörðu öllum spurningum um starfsframa.

sambærileg áhrif á karla og konur, fremur lítil í báðum tilfellum. Gildismat og starfsframi eru ástæður sem hafa mikil áhrif á þátttöku ungs fólks. Eldra fólk nefnir frekar félagslegar ástæður. Ekki er marktækur munur eftir menntun á því hvort sjálfbodaliðar nefna gildismat og starfsframa sem ástæðu fyrir starfi sínu en þeir sem litla menntun hafa nefna oftast félagslegar ástæður en þeir sem hafa meiri menntun. Staða á vinnumarkaði hefur ekki áhrif á svör um gildismat eða félagslegar ástæður en þeir sem eru í námi, hlutastarfi eða að leita að vinnu nefna oftast ástæður tengdar starfsframa eða reynslu. Þeir sem búa á landsbyggðinni nefna félagslegar ástæður fyrir þátttöku í sjálfbodastörfum oftast en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Þeir þátttakendur nefna aftur á móti oftast gildismat og starfsframa en þeir sem búa á landsbyggðinni.

Samantekt og umræður

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ástæðum þess að hefja sjálfbodastörf fyrir Rauða krossinn á Íslandi svipar mjög til þeirra sem fram hafa komið í alþjóðlegum og fyrri innlendum rannsóknum um sjálfbodaliða góðgerðar- og líknarfélaga. Yfirgnæfandi meirihluti sjálfbodaliðanna segist hafa hafið sjálfbodastörf vegna gildismats eða af þeim ástæðum sem flokkast sem óeingingjarnar. Í innlendum rannsóknum á Rauða krossinum hefur hið sama komið í ljós, mikill meirihluti fór að vinna sjálfbodastörf vegna stuðnings við mál-

staðinn, af því að folkið vildi hjálpa öðrum eða láta gott af sér leiða (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997; Steinunn Hrafnisdóttir, 2007). Þessar niðurstöður sýna að Íslendingar skera sig ekki úr að þessu leyti. Einnig kemur í ljós að ástæðurnar eru blandaðar og að lýðfræðilegur bakgrunnur hefur áhrif á hvernig fólk raðar ástæðunum í mikilvægisröð, og er það einnig í góðu samræmi við erlendar rannsóknir (Rochester, 2006; Smith og Cordery, 2010; Wilson, 2012).

Ástæður eins og *að öðlast nýja reynslu og nýta hæfni sína og reynslu* vega einnig þungt hjá sjálfbodaliðum Rauða krossins. Þessir þættir eru flokkaðir sem eigin-gjarnir eða hagnýtir (Wilson, 2012; Habermann, 2001). Fólk talar sjaldnar um persónulegar ástæður, félagsskap eða að vinir, kunningjar og ættingjar vinni sjálfbodastörf. Þó skipta þessar ástæður líka máli og hafa lýðfræðilegar breytur áhrif á það. Þeir sem eru í yngsta aldurshópnum hjá Rauða krossinum leggja meiri áherslu en aðrir á starfsferilsþætti, svo sem að auka atvinnuöguleika sína, en þeir sem eru í elstu hópnum leggja meiri áherslu en í yngri hópnum á mikilvægi þess að hitta fólk. Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra og innlendra rannsókna (Steinunn Hrafnisdóttir, 2007; Steinunn Hrafnisdóttir, Ómar H. Kristmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2014; Musick og Wilson, 2008).

Einnig sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að lýðfræðileg samsetning sjálfbodaliða er mjög í samræmi



við niðurstöður erlendra rannsókna á sjálfbodaliðum hjá góðgerðar- og líknarfélögum (Musick og Wilson, 2008). Sjálfbodaliðarnir eru flestir orðnir fimmtugir, meirihluti þeirra er konur og algengast er að þeir hafi lokið framhaldsskólamenntun eða háskólamenntun. Þeir eru í fullri vinnu og búa frekar á landsbyggðinni. Í áðurnefndri íslenskri rannsókn á þátttöku í sjálfbodastarfi kom í ljós að lýðfræðilegur bakgrunnur skipti máli um fyrir hvers konar samtök var unnið. Almennt unnu fimmtugir og eldri fremur sjálfbodastörf en yngri fólk, en það átti fyrst og fremst við um velferðarfélög. Ekki fannst munur milli kynja á þátttöku í velferðarfélögum en slíkur munur hefur fundist í mörgum erlendum rannsóknum. Einnig kom í ljós að háskólamenntaðir sinntu frekar sjálfbodastörfum og einnig þeir sem eru í fullri vinnu samanborið við aðra hópa (Steinunn Hrafnadóttir, Ómar H. Kristmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2014). Þetta á ekki að öllu leyti við um Rauða krossinn, því að þar hafa nokkuð jafnmargir sjálfbodaliðar lokið framhaldsskólamenntun og háskólamenntun. Einnig er töluvert stór hluti í hlutavinnu eða á eftirlaunum, sem skýrist líklega af háum aldri sjálfbodaliðanna. Athyglisvert er að í eldri rannsókn á sjálfbodaliðum Rauða krossins er bakgrunnur sjálfbodaliðanna nánast sá sami og hann reynist í þessari rannsókn. Það sýnir að litlar sem engar breytingar hafa orðið á samsetningu sjálfbodaliða landsfélagsins frá 2005–2014, og raunar ekki heldur á þeim ástæðum sem liggja að baki sjálfbodastörfum fyrir félagið (Steinunn Hrafnadóttir, 2007). Hafa ber þó í huga við samanburð að ekki var um sams konar spurningalista að ræða og í þessari rannsókn.

Rannsókn þessi takmarkast við ein félagsamtök á sviði góðgerðar- og líknarmála og svarhlutfall var fremur lágt. Nýlegar rannsóknir á áhrifum svarhlutfalls á gæði gagna benda þó til þess að lágt svarhlutfall leiði ekki endilega til skekkju í niðurstöðum heldur hafi einkum þau áhrif að draga úr tölfræðilegum styrk vegna færri þátttakenda (Meterko o.fl. 2015). Það má því gera ráð fyrir að rannsóknin gefi ágætar vísbendingar um starfsástæður og lýðfræðilegan bakgrunn sjálfbodaliða Rauða krossins þrátt fyrir lágt svarhlutfall. Í framtíðinni væri gagnlegt að gera frekari rannsóknir á sjálfbodastarfsástæðum og mismunandi vægi lýðfræðilegra þátta eftir lífsskeiði og starfslengd sjálfbodastarfa.

Niðurstöður þessarar rannsóknar veita mikilvægar upplýsingar um ástæður þess að fólk hefur sjálfbodastörf hjá Rauða krossinum. Tengja má þær niðurstöður við rannsóknir á ástæðum þess að fólk vinnur sjálfbodastörf fyrir velferðarfélög. Sjálfbodastörf eru

mjög mikilvæg í þjóðfélaginu og mörg samtök þurfa að reiða sig á takmarkað framboð af sjálfbodaliðum. Því er mikilvægt að vita hvers vegna sjálfbodaliðar vinna sín störf. Félagasamtök geta notað niðurstöður sem þessar til að skipuleggja starfið, finna sjálfbodaliðum verkefni við hæfi, umbuna þeim og laða til sín nýja hópa til að sinna sjálfbodastörfum. Ljóst er að sjálfbodaliðar velferðarfélaga eru fremur einsleitur hópur og nota má niðurstöður ofangreindrar rannsóknar til að skoða hvort einhverjar hindranir eru í vegi fyrir þátttöku ólíkra hópa í starfinu.

Höfundar vilja þakka starfsmönnum Rauða krossins fyrir gott samstarf við undirbúning og framkvæmd könnunar.

Heimildir

- Clary, E., Snyder M., og Ridge, R. (1992). Volunteers' motivations: A functional strategy for the recruitment, placement and retention of volunteers. *Nonprofit Management and Leadership*, 2, 333–350.
- Habermann, U. (2001). En postmodern helgen? *Om motiver til frivillighed*. Lundi: Socialhögskolan Lunds Universitet.
- Habermann, U., Henriksen, L.S., Ibsen, B. og Koch-Nielsen, I. (2006). Recent trends in Danish volunteering and the organization of voluntary action. Í A. L. Matthies (ritstj.), *Nordic civic society organisations and the future of welfare services. A model for Europe?* (bls. 157–179). TemaNord 517. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherraráðið.
- Kendall, J. (2012). The voluntary and community sector. Í J. Baldock, L. Mitton, N. Manning og S. Vickerstaff (ritstj.), *Social Policy* (bls. 153–176), 4. útg. Oxford: Oxford University Press.
- Lorentzen, H. og Rogstad, J. (1994). *Hvorfor frivillig? Begrunnelser for frivillig sosialt arbeid*. Rapport 94:11. Ósló: Institutt for samfunnsforskning.
- Meterko, M., Restuccia, J.D., Stolzmann, K., Mohr, D., Brennan, C., Glasgow, J. og Kaboli, P. (2015). Response rates, nonresponse bias, and data quality: Results from a national survey of senior healthcare leaders. *Public Opinion Quarterly*, 79(1), 130–144.
- Musick, M.A. og Wilson, J. (2008). *Volunteers. A social profile*. Bandaríkjunum: Indiana University Press.
- Nylund, M. (2000). *Varieties of mutual support and voluntary action. A study of Finnish self-help groups and volunteers*. Helsinki: Soste.
- Rochester, C. (2006). *Making sense of volunteering. A literature review*. London: Volunteering England.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). *Hvers vegna sjálfbodastörf? Um sjálfbodastarf, félagsmála-stefnu og félagsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigurveig H. Sigurðardóttir. (2008). Viltu verða sjálfböðaliði? Öflun nýrra sjálfböðaliða og stuðningur við þá. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir (ritstj.), *Stjórnun og rekstur félagsamtaka* (bls. 175–186). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Smith, K. og Cordery, C.J. (2010). *What works? A systematic review of research and evaluation literature on encouragement and support of volunteering*. Rafræn grein á vefsetri SSRN. doi: 10.2139/ssrn.1761655
- Steinunn Hrafnadóttir. (2006a). The Icelandic voluntary sector: Development of research. Í A.L. Matthies (ritstj.), *Nordic civic society organisations and the future of welfare services. A model for Europe?* (bls. 194–211). TemaNord 517. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherraráðið.
- Steinunn Hrafnadóttir. (2006b). Af hverju vinnur fólk sjálfböðastörf? Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 235–243). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Steinunn Hrafnadóttir. (2007). *Rannsókn á sjálfböðastarfi og viðhorfum sjálfböðaliða Rauða kross Íslands 2006*. Reykjavík: Rauði kross Íslands og Háskóli Íslands.
- Steinunn Hrafnadóttir. (2008). Frjáls félagsamtök og sjálfböðaliðastörf á Íslandi. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir (ritstj.), *Stjórnun og rekstur félagsamtaka* (bls. 21–41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steinunn Hrafnadóttir, Ómar H. Kristmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2014). Þátttaka í sjálfböðastarfi á Íslandi. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 10(2). doi: dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.2.12
- Wilson, J. (2012). Volunteerism research: A review essay. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 41(2), 176–212.